

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgrata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2021

## Umsögn um grænbók um byggðamál

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar því að lögð hafi verið fram grænbók um byggðamál og minnir á að stefnumótandi áætlanir eiga að uppfylla réttindi og mæta þörfum fatlaðs fólks.

Byggðamál eiga ekki aðeins að snúa að því að efla byggðirnar og jafna stöðu sveitarfélaganna heldur einnig að því að mæta réttindum einstaklinga til að velja sér búsetu að vild og gera þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi.

Í 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sem Ísland fullgilti árið 2016 segir:

*„Aðildarríkin viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og með sömu valkosti og aðrir og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess greiða fyrir þessum rétti fatlaðs fólks og til fullrar þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:*

*a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir,*

*b) að fatlað fólk hafi aðgang að margs konar félagsþjónustu, s.s. aðstoð inni á heimili og í búsetuúrræðum og öðrum stuðningi til samfélagsþátttöku, meðal annars persónulegan stuðning sem er nauðsynlegur til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þess og aðskilnað frá samfélaginu,*

*c) að þjónusta á vegum samfélagsins og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þeirra.“*

Við gerð byggðaaáætlana þarf því m.a. að taka tillit til aðgengismála, félagsþjónustu, ferlimála, húsnæðismála, heilbrigðisþjónustu og námsmöguleika fyrir fatlað fólk.

Samkvæmt SRFF eiga stjórnvöld að hafa virkt samráð frá fyrstu stigum við samtök fatlaðs fólks um áætlanir sem varða það. Það hefur ekki verið gert hér, en verður vonandi í framhaldinu.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ